

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Námsmat er símat sem fer fram jafnt og þétt.







Mentor kerfið heldur utanum námsmat og skráningar á því. Forráðamenn og nemendur hafa aðgang að kerfinu og geta fylgst með námsárangri og ástundun barna sinna.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu. Annir skólaársins eru tvær og gefið er út lokamat í hverri námsgrein við lok anna.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta hæfniviðmið úr námskrám er eftirfarandi:

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er

-  Framúrskarandi
-  Mjög góð hæfni og frammistaða
-  Góð hæfni og frammistaða
-  Á góðri leið
-  Sæmileg hæfni og frammistaða
-  Hæfni og frammistöðu ábótavant

Þeir nemendur sem vinna eftir einstaklingsnámskrám fá endurgjöf sína stjörnumerka sem gefur til kynna að námsmat eftir einstaklingsnámskrá er að ræða.